

Stjórnarfundur 5. október 2010.

Mættir: Guðrún Birna, Sigríður Inga, Sigríður, Inga Lís, Þorgeir.

Dagskrá:

1. Fulltrúaráðsfundur
  - a) Verkefni bekkjarfulltrúa
  - b) Bekkjarsjóðir og inniheimta
  - c) Fundur með bæjarstjóra
  - d) Söfnun fyrir Reyki
  - e) Matarnefnd
2. Skipta um prófkúru
3. Fjármál tækjasjóðs
4. Annað

Guðrún lagði fram reikninga frá Heimili og skóla, samtals 16.000 kr. Félagsaðild Foreldrafélags grunnskóla (10.000 kr.) og fyrir 4 stk. Foreldrabankinn með upplýsingum f. bekkjarfulltrúa. Bekkjarfulltrúar í 1.bekk fá slíka möppu.

#### **Rætt um fulltrúaráðsfund á morgun, miðvikudag:**

**Verkefni bekkjarfulltrúa** . Opn fyrir yngri bekki en föst verkefni fyrir bekkjarfulltrúa eldri bekkja, t.d. þorablót, árshátíð, Reykjaferð hjá 7. bekk, diskótek. Ákveða skipulag og hver ber ábyrgð á hverju.

**Bekkjarsjóðir.** Verða í umsjón bekkjarfulltrúa. Þeir þurfa að stofna bankareikning fyrir hvern bekk svo foreldrar geti lagt inn ákveðna upphæð. Guðrún Birna leggur til að af þeim peningum sem safnast í bekkjarsjóð verði um 2000 kr. eyrnamerkta fyrir vettvangsferðir á vegum skólans, en aðrar upphæðir ákveði þeir sjálfir. Allir samþykktir því.

**Fundur með bæjarstjóra.** Rætt um hvaða mál verði lögð fyrir bæjarstjóra en Svæðisráð fundar með honum um miðjan október. Ákveðið að fá fólk í matarnefnd sem Svæðisráð hefur lagt til að setja á laggirnar. Skilgreina þarf

hlutverk matarnefndar. Þorgeir verður í nefndinni fyrir hönd foreldrafélagsins. Þegar hefur eitt foreldri í Hofstaðakóla gefið kost á sér í nefndina.

**Söfnun fyrir Reyki.** Gekk mjög vel í fyrra. Fyrirhugað að safna fyrir Reykjaferð í ár.

**Prófkúra.** Gunnþór og Inga finna tíma til að skipta um prófkúru sem fyrst.

**Fjármál tækjastjóðs.** Tækjastjóður hélt Grænan markað í skólanum og á Garðatorgi. Sigríður ætlar að taka saman hversu mikið nákvæmlega safnaðist. Samþykkt að foreldrafélagið láni tækjastjóði það sem upp á vantar til að borga síðustu greiðslu af fyrstu gagnvirku töflunni. Ákveðið að halda áfram með jólakortasölu tækjastjóðs. Rætt um leiðir til að selja kortin. Lagt til að 7. bekkingar selji kort og fái hluta af ágóðanum í ferðasjóð v. Reykja.

Hugmynd kom fram um að hafa fræðslufund fyrir foreldra í skólanum um öryggi á netinu. SAFT, samfélag, fjölskylda og tækni. Gæti verið hentugt að halda í byrjun nóveber. Þorgeir athugar með fyrirlesara.

**Önnur mál.**

Sigríður leggur til að láta kanna hversu margir vilja borga skólanum fyrir að standa að efniskaupum á vorin/haustin. Kanna hvort þetta sé gert í Flataskóla og Sjálandsskóla.

Fundi slitið